



498. fundur stjórnar SASS

**haldinn í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum
föstudaginn 2. október 2015 kl. 12:00 – 15:20**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason (í síma), Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Páll Marvin Jónsson. Einnig sát fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig sveitarstjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps, þ.e. Halldóra Hjörleifsdóttir, Ragnar Magnússon og sveitarstjórinn Jón G. Valgeirsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Heimsókn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Ragnar Magnússon, oddviti Hrunamanna, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundur SASS haldinn á Flúðum. Í framhaldi var Jón G. Valgeirsson með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hann og sveitarstjórnarfulltrúarnir svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Undirrituð.

2. Ársþing SASS 2015

a. Dagskrá ársþings og aðalfundar.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu uppfærð drög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer í Vík í Mýrdal 29. – 30. október nk. Lagt er til að Elín Einarsdóttir, oddviti Mýrdalshrepps og Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps verði fundarstjórnar á þinginu og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari. Dagskráin verður staðfest endanlega af stjórn með rafrænum hætti.

b. Starfsskýrsla SASS 2014 – 2015.

Er í vinnslu hjá starfsmönnum samtakanna.

c. Tillaga að launum stjórnar og ráða.

Uppfærð tillaga verður send á stjórn og hún verður síðan staðfest af stjórn með rafrænum hætti.

d. Drög að fjárhagsáætlun SASS 2016

Framkvæmdastjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun 2016. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi drög. Undir þessum lið var einnig rætt um húsnæðismál samtakanna. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kanna möguleika á sölu húseignarinnar að Austurvegi 56.

3. Svæðisskipulagsgerð á Suðurlandi.

Formaður og framkvæmastjóri fóru yfir stöðu málsins en þrír fundir hafa verið haldnir. Þeir kynntu frumdrög að skýrslu vinnuhóps um forathugun um svæðisskipulagsáætlun fyrir Suðurland. Í henni leggur vinnuhópurinn til við ársþing SASS 2015 að unnið verði kortasafn (Atlas) fyrir Suðurland.

4. Þátttaka SASS í „Að sunnan“ verkefninu.

Stjórn hafnar erindinu að þessu sinni enda greiða aðildarsveitarfélög SASS sjálf fyrir þátttöku.

5. Staða almenningsamgangna á Suðurlandi.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu málið og sögðu frá fundi samráðshóps um framkvæmd almenningsamgangna, innanríkisráðuneytisins, Vegagerðarinnar, landshlutasamtakanna og Strætó. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt væri að fylgja málinu vel eftir enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir Suðurland og landsbyggðina alla. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram. Hún heimilar honum, í samráði við önnur landshlutasamtök, að unnið verði að gerð sameiginlegrar gjaldskrár fyrir Strætó utan höfuðborgarsvæðisins. Hún heimilaði honum jafnframt að kalla til lögfræðing til að fara yfir frumvarpsdrögin um farþegaflutninga á landi en hugmyndin er að landshlutasamtökin deili kostnaðinum við hans vinnu.

Stjórn leggur til að breyting verði gerð á 42 gr. laga um virðisaukaskatt þannig að áfram verði akstur sem fellur undir almenningsamgöngur, óháð því hver sinnir honum, undanþeginn virðisaukaskatti.

6. Endurskoðendur.

Frestað til næsta fundar.

7. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi.

- a. Tillaga til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.

<http://www.althingi.is/altext/145/s/0016.html>

Lagt fram til kynningar.

- b. Frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál.

<http://www.althingi.is/altext/145/s/0140.html>

Stjórn SASS tekur undir umsögn sveitarfélagsins Árborgar, sem dagsett er 1. október sl., um frumvarp til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.), 140. mál.

- c. Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál.

<http://www.althingi.is/altext/145/s/0133.html>

Lagt fram til kynningar.

- d. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026, 101. mál.

<http://www.althingi.is/altext/145/s/0101.html>



Lagt fram til kynningar.

- e. Tillaga til þingsályktunar um lýðháskóla, 17. mál
<http://www.althingi.is/altext/145/s/0017.html>

Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.

a) ART verkefnið.

Verkefnið er ekki á fjárlögum ríkisins árið 2016. Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að ríkið geri nýjan samning um ART-verkefnið þannig að hægt sé að tryggja áframhaldandi vöxt og viðgang þess til heilla fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

b) Fundargerð verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands.

Lögð fram til kynningar.

c) Fundargerðir stýrihóps ráðuneytanna um sóknaráætlun. Kynning á fundi SASS með stýrihóp ráðuneytanna.

Formaður stjórnar SASS, formaður verkefnastjórnar og framkvæmastjóri sögðu frá fundi sem haldinn var með stýrihóp ráðuneytanna 29. september sl.

d) Tún aðalfundargerð.

Lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. september sl.

Lögð fram til kynningar.

f) Samþykktir SASS.

Tillaga er að breytingum á gr. 4.3 og 5.1 í samþykktum samtakanna.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 28. október nk. kl. 18:00 í Vík í Mýrdal.

Fundi slitið kl. 15:25

Gunnar Þorgeirsson
Eggert Valur Guðmundsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ágúst Sigurðsson
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Páll Marvin Jónsson
Anna Björg Níelsdóttir
Bjarni Guðmundsson